um aðstoð við fatlaða.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961—1962.)

1. gr.

Af þeim innlendum tollvörutegundum, sem taldar eru í lögum nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, 1. kafla nr. 1—7 og 2. kafla nr. 2—5, skal í næstu 10 ár greiða gjald, að upphæð kr. 3.00 af kg, og rennur gjald þetta í Styrktarsjóð fatlaðra, er vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins.

Fé sjóðsins skal ætíð vera handbært til framkvæmda samkvæmt 4. gr. Um stjórn sjóðsins skal nánar ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Sælgætisframleiðendur skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr., og innheimtist það með tekjum ríkisins.

3. gr.

Verð á sælgæti, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka, sem gjaldinu nemur. Telst gjaldið ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts.

4. gr.

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til byggingar og rekstrar vinnustofnana fyrir fatlað fólk.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi því, sem milliþinganefnd um atvinnu- og félagsmál öryrkja, sem skipuð var á Alþingi 1959, samdi, með þeirri breytingu, að hér er gert ráð fyrir því, að gjaldið, sem lagt er til að lögboðið verði, skuli

renna í Styrktarsjóð fatlaðra, sem vera skuli í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, en ekki renna beint til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, sem þá var gert ráð fyrir, að væri einráð um ráðstöfun fjárins.

Verði frumvarp þetta að lögum mun verða sett reglugerð um sjóðinn þar sem Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra, verður áskilinn tillöguréttur um ráðstöfun fjárins.

Greinargerð sú, er fylgdi tillögum nefndarinnar er svo hljóðandi:

Milliþinganefnd um atvinnu- og félagsmál öryrkja, sem skipuð var á vorþingi 1959, hefur kynnt sér það, sem unnið hefur verið að málefnum öryrkja til þessa og er það skoðun nefndarinnar að stórfelldur árangur hafi orðið af því starfi.

Á þetta við margt af því, sem aðhafzt hefur verið af opinberri hálfu í málum þessum og þó enn frekar við það feikna starf, sem ýmis félög hafa áorkað til úrlausnar málum öryrkjanna.

Það er stefna nefndarinnar að byggja beri hiklaust á þeim grundvelli, sem þegar er lagður hér á landi og hann telur nefndin vera þann, að lækning og þjálfun sé sem mest á vegum þess opinbera, en önnur fyrirgreiðsla sem mest á vegum félagssamtaka öryrkjanna sjálfra og stuðningsmanna þeirra.

Sé þessi félagsskapur efldur sem mest með því að veita honum aðgang að fjáröflunarleiðum og á annan hátt eftir því, sem nauðsyn krefur.

Eitt þessara samtaka er Sjálfsbjörg, félag fatlaðra, en þau stofnuðu með sér landssamband vorið 1959, er nefndist Sjálfsbjörg — landssamband fatlaðra.

Meginverkefni þessara samtaka í næstu framtíð eru þessi samkv. greinargerð stjórnar landssambandsins:

1. Landssamband og Reykjavíkurdeild þess áforma að byggja í félagi vinnuheimili í Reykjavík. Þar á að vera rúm fyrir vinnustofur félagsins og félagslega og menningarlega starfsemi þess, ásamt húsnæði fyrir alla starfsemi sambandsins. Einnig þurfa að vera í byggingunni íbúðarherbergi fyrir það fólk frá félögunum úti um land, sem þarfnast dvalar í Reykjavík vegna náms eða læknishjálpar.

   Undirbúningur þessara framkvæmda hefst svo fljótt, sem fjárhagsástæður leyfa.

2. Sjálfsbjargarfélögin starfa sjálfstætt hvert á sínu félagssvæði í tengslum við sambandið og með stuðningi þess. Takmark hvers félags er að koma upp vinnustöðvum, hvert í sínu byggðarlagi, sem jafnframt verði miðstöðvar fyrir starfsemi félaganna.

   Hafinn er undirbúningur og byrjunarframkvæmdir að vinnustöðvum í þrem bæjum, Akureyri, Ísafirði og Siglufirði. En til þessara framkvæmda vantar alveg fjármagn og þá einnig til að hefjast handa annars staðar.

   Það er annað meginverkefni landssambandsins að veita hverju félagi innan samtakanna allan þann stuðning, sem í þess valdi stendur.

3. Meginverkefni landssambandsins framvegis verði þessi:
   a. Fyrirgreiðsla um útvegun atvinnu fyrir fatlað fólk á almennum vinnumarkaði.
   b. Leiðbeiningar og hjálparstarf, til þess að hver einstaklingur fái notið þess réttar, sem honum ber að lögum.
   c. Hvers konar fyrirgreiðsla og leiðbeiningarstörf fyrir sambandsfélögin vegna vinnuheimila, félagsmála og útvegun dvalar fyrir einstaklinga, sem þess þurfa vegna náms eða lækningar o. fl.
   d. Hjálp til fólks úr röðum samtakanna, sem leggja vill stund á nám sem félagsmálaráðunautar (Social Workers) og sjúkrakennarar (Therapeut).
   e. Fjárhagslegur stuðningur við vinnustöðvar sambandsdeildanna.

En þessi samtök fatlaðs fólks geta því aðeins valdið þessum verkefnum og öðrum, sem miða til hagsbóta og menningarauka fyrir fatlað fólk, að þau geti fengið til umráða þá fjármuni, sem til þess eru nauðsynlegir.

Það er því einn liðurinn í tillögum milliþinganefndarinnar að Sjálfsbjörg — landssambandi fatlaðra, verði veitt sú fjárhagsaðstoð, sem felst í meðfylgjandi frumvarpi.

Samkvæmt hagskýrslu fyrir 1959 um framleiðslu innlendra tollvörutegunda, mundi þetta gjald hafa gefið um 1.250 þús. kr. í tekjur það ár, eftir því, sem nefndinni telst til.

Smásöluverð á sælgæti mundi sáralítið hækka vegna þessa gjalds.